

Ed. **200. Frumvarp til laga** [162. mál]

um breyting á lögum nr. 25 frá 22. maí 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

1. töluliður 9. gr. laganna: Félagslegar ástæður, falli niður.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Áður en fóstureyðing má fara fram, verður að liggja fyrir skrifleg rökstudd greinargerð tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar. Annar þessara lækna sé sér-

fræðingur í kvensjúkdómum eða almennum skurðlækningum við það sjúkrahús, þar sem aðgerðin fer fram, en hinn að jafnaði sá læknir, sem ráðlagt hefur konunni að leita sjúkrahúss þessara erinda.

Þar sem ástæða þykir til skal viðkomandi sérfræðingur styðjast við álitserð geðlæknis, sé um geðræna sjúkdóma að ræða.

3. gr.

2. mgr. 28. gr. laganna orðist svo:

Í nefndinni skulu eiga sæti 3 menn og jafnmargir varamenn, tveir læknar og einn lögfræðingur, og skulu þeir skipaðir af heilbrigðisráðherra til 4 ára í senn. Nefndin skal úrskurða málið innan viku frá því að henni berst það í hendur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta felur í sér að þrengd er heimild til fóstureyðinga. Samkvæmt gildandi lögum er fóstureyðing heimiluð af þrenns konar ástæðum, þ. e. í fyrsta lagi af félagslegum ástæðum, í öðru lagi af læknisfræðilegum ástæðum og í þriðja lagi ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fella niður, að félagslegar ástæður geti heimilað fóstureyðingu. Af þessu leiðir aðrar breytingar, sem í frumvarpinu felast.

Það er skoðun flutningsmanns, að félagslegar ástæður eigi ekki að réttlæta fóstureyðingu. Í fyrsta lagi eru félagslegar ástæður ákaflega rúmt og teygjanlegt hugtak. Í öðru lagi á að bæta úr félagslegum ástæðum með öðrum hætti en að tortíma mannlegu lífi.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að félagslegar ástæður heimili fóstureyðingu, þegar ætla má, eins og það er orðað, „að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna“. Í lögum er svo að finna leiðbeiningar um það, til hvers skuli tekið tillit við mat á því, hvað er „of erfið“ í þessu sambandi og hvað eru „óviðráðanlegar félagslegar ástæður“. Þar er tiltekið sem ástæða fyrir fóstureyðingu, að konan hafi alið mörg börn með stuttu millibili og skammt sé frá síðasta barnsburði. Samkvæmt þessari reglu getur fóstureyðing verið heimil, þó að heimilisástæður séu góðar og heilsufar gott á heimilinu. Ef barnið er ekki velkomið í heiminn af einhverjum ástæðum, skal lífi þess tortímt, ef óskað er. Þá er önnur leiðbeiningarreglan sú, að fóstureyðing geti verið heimil, ef konan býr við „bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu“. Og þriðja leiðbeiningarreglan er sú, að fóstureyðing geti verið heimil „þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt“.

Tvær síðustu leiðbeiningarreglurnar byggjast vissulega á félagslegum ástæðum. Enginn neitar því, að bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður geti skapað félagslegt vandamál. En spurningin er, hvernig á að bregðast við þeim vanda. Það á ekki að gera með því að veita heimildir til fóstureyðingar. Félagslegan vanda á að leysa með félagslegum ráðstöfunum.

Með lögum nr. 25 frá 22. maí 1975 voru heimildir til fóstureyðingar rýmkaðar. Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Fóstureyðingum hefur fjölgað iskyggilega. Skráðar fóstureyðingar hér á landi á hverjar 1 000 konur á aldrinum 15—49 ára voru árið 1965 1.8, árið 1970 2.1, árið 1975 5.9, árið 1976 6.7, árið 1977 8.4, árið 1978 8.4 og árið 1979 10.2. Á tímabilinu 1962 til 1970 voru skráðar 61 til 109 fóstureyðingar á ári. Á árinu 1975 eru fóstureyðingar 308, árið 1976 367, 1977 456, 1978

453 og 1979 563. Þetta er reynsla okkar af því að heimila fóstureyðingar af svokölluðum félagslegum ástæðum.

Þegar nágildandi lagaákvæði voru sett um fóstureyðingar árið 1975, bar flutningsmaður þessa frumvarps fram breytingartillögu við frumvarpið að lögum þessum, þar sem lagt var til að fóstureyðingar yrðu ekki heimilðar af félagslegum ástæðum. Breytingartillagan náði ekki fram að ganga. Þessi breytingartillaga hefur verið tekin upp á ný á tveim þingum í forni frumvarpa til laga, sem voru samhljóða því, sem hér er nú lagt fram. Þá hlutu frumvörpin ekki afgreiðslu. Er þess nú freistað enn á ný að leggja málið fyrir Alþingi í trausti þess að það nái nú fram að ganga.

Á síðasta ári bar hátt umræður um velferð barnsins. Þess var vænst, að barnaár Sameinuðu þjóðanna yrði okkur einhver hvatning í þessu efni. Hvað hefði verið háleitari hugsjón en að þjóðin hefði sett sér á þessu barnaári það markmið, að ekkert íslenskt barn væri óvelkomið í þennan heim af félagslegum ástæðum. En barnaárið leið án þess að til slíks kæmi. Í öllum umræðunum hér á landi á síðasta ári um velferð og rétt barnsins gleymdist helgasti rétturinn, rétturinn til lífsins. Hinir mörgu einstaklingar og félagasamtök, sem létu til sín heyra, véku ekki að því að létta á fargi fóstureyðinganna. Það var aðeins gert í lofsverðum undantekningartilfellum.

En þó það væri þagað þunnu hljóði hér á landi um þau grundvallarmannréttindi, sem rétturinn til lífsins er, þá var það síður en svo að slíkt gerðist hvarvetna annars staðar. Þannig var t. d. í tilefni barnaársins samþykkt á þingi Evrópuráðsins 3. október síðastliðinn ítarleg ályktun um velferðarmál barnsins. Ályktun þessi kveður meðal annars á um að vernda skuli rétt sérhvers barns til lífs frá því að getnaður á sér stað. Í ályktun þessari er skorað á ráðherranefnd Evrópuráðsins að hefjast þegar handa um gerð Evrópusáttmála um þau réttindi barnsins, sem ályktunin fjallar um. Við Íslendingar erum aðilar að Evrópuráðinu, svo sem kunnugt er. Okkur varðar því um hvað gerist á þeim vettvangi. Þetta frumvarp er því meðal annars eðlilegt andsvar við því, sem þar er að gerast.

Mörg fleiri dæmi mætti taka erlendis frá, er sýna harðnandi andstöðu gegn fóstureyðingum og vissa tilhneigingu til að þrengja heimildir til að eyða fósturi. Þetta er ekki að ófyrirsynju. Þetta er vegna hinnar hörmulegu reynslu, sem fengist hefur víða um lönd af frjálsum fóstureyðingum eða rúmum heimildum til fóstureyðinga.

Það var því fullkomin öfugþróun, sem átti sér stað hér á landi með setningu laga nr. 25 1975. Með frumvarpi þessu er því lagt til að bregða á annað ráð. Það er lagt til að þrengja heimildir til fóstureyðinga. Frumvarpið felur í sér, að fóstureyðingar verði ekki heimilðar af félagslegum ástæðum. Enginn neitar samt, að félagsleg vandamál eru fyrir hendi. Bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður getur skapað félagslegt vandamál. En spurningin er, hvernig á að bregðast við þeim vanda. Það á ekki að gera með því að veita heimild til fóstureyðingar. Þjóðfélag, sem leyfir fóstureyðingar af félagslegum ástæðum, lítur fram hjá hinum raunverulega vanda, sættir sig við óleyst vandamál. Félagslegur vandi verður ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum.

Það vill svo til, að í þessu landi búum við við viðtæka, almenna tryggingalöggjöf og margs konar opinbera aðstoð í félagslegu tilliti. Við teljum okkur standa allframarlega í þessum efnum og erum stundum harla ánægð með það, sem áunnist hefur á síðustu áratugum til lausnar hinum ýmsu félagslegu vandamálum. En satt er það, að mörgu er enn ábótavant og að ýmsu þarf að hyggja. Betur þarf að gera í málum barnshafandi kvenna, svo sem fæðingarorlofi og mæðraheimilum. Barnaheimilum þarf að fjölga og bæta við vöggustofum, dagvistarheimilum og leikskólum. Það þarf að bæta félagslega þjónustu og ráðgjöf við barnshafandi konur, svo að þær fái mætt tímabundnum erfiðleikum. Það þarf að heita almannavaldinu og samhjálp þjóðarinnar um land allt, jafnt í strjálbýli sem í þéttbýli, til aðstoðar við þá konu sem býr við slæmar heimilisaðstæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsu-

leysis annarra á heimilinu, svo að barnið, sem hún gengur með, verði velkomið í þennan heim og góður aðbúnaður þess sé tryggður. Ekkert annað er til lausnar þeim vanda, sem um er að ræða. En þetta kostar fjármagn. Samt eru það smámunir, sem ekki er til að hafa orð á, samanborið við hið óbætanalega tjón, sem blóðfórnir fóstureyðinganna valda nú hinni fámennu íslensku þjóð, sem þarfnast mest af öllu fleiri handa til að halda uppi sjálfstæðri tilveru sinni.

Íslendingar hafa sérstöðu í ýmsum efnum og svo er ekki síst að því er varðar áhrif fóstureyðinga á fólksfjölda í landinu. Í sumum löndum, og þá einkum þeim fjölmennustu, er fólksfjölgun eitt meginvandamálið, sem við er að glíma. Fólkinu fjölga þar um of miðað við efnahag, félagslegar aðstæður, náttúruauðlindir og hagnýtingu þeirra til mannsæmandi lífskjara, jafnvel þótt takmarkaðar kröfur séu til lífsins gerðar. Áhrif fóstureyðinga á fólksfjölda í slíkum ríkjum eru oft sett í samband við offjölgunarvandamál, sem þar er við að stríða, þótt það breyti engu um eðli þess verknaðar, sem felst í fóstureyðingu. Hins vegar er þessu þveröfugt farið hjá okkur Íslendingum. Áhrif fóstureyðinga hér á landi á fólksfjöldann hljóta að vera mikið alvörumál.

Íslenska þjóðin hefur því sögulega hlutverki að gegna að halda uppi í þessu landi sjálfstæðu ríki með öllu, sem því fylgir. Í þessu efni höfum við sérstöðu vegna fámennis þjóðarinnar. Okkur finnst þetta sjálfsagt og eðlilegt og getum ekki hugsað okkur annað en að halda okkar sjálfstæðu tilveru. En það hljóta samt að vera takmörk fyrir því, hvað fámennið leyfir. Einhvers staðar eru takmörkin fyrir því, hve margar hendur þarf til að geta haldið uppi sjálfstæðu ríki og hagnýtingu auðlinda okkar til lands og sjávar. Ef farið er niður fyrir þessi mörk, er í húfi að þjóðin megni að halda uppi sjálfstæðu ríki með þeim skyldum, sem því fylgja. Það er í húfi, að þjóðinni haldist á hinum miklu auðlindum sínum, ef hún hefur ekki bolmagn til að hagnýta þær í þurfandi heimi. Sjálf tilvera hinnar íslensku þjóðar er þá í húfi. Að þessu er skylt að huga, þegar rætt er um áhrif fóstureyðinga hér á landi á fólksfjölda þjóðarinnar.

En hvað sem þessu líður, svo alvarlegt sem það er fyrir þjóðarheildina, varðar frumvarp þetta fyrst og fremst einstaklinginn, siðferðilega afstöðu og lífsskoðun. Hér er gengið út frá, að félagslegar ástæður geti aldrei réttlætt fóstureyðingu. Þetta leiðir af því, að það er um mannlíf að tefla, þegar rætt er um eyðingu fósturs. Það er grundvallaratriði, að þetta mannlíf hefur rétt til þess að vera borið í þennan heim. Réttinn til lífsins verður að viðurkenna. Það er siðferðileg skylda að varðveita líf, jafnvel líf ófædds barns. Fóstureyðing á því ekki að koma til greina nema líf móður sé í fyrirsjáanlegri hættu eða telja megi auðsætt, að barnið verði svo vangefið að ekki verði komist hjá að gripa til örþrifaráða, eða konan hafi verið þunguð af refsiverðu atferli. Á þessari forsendu er frumvarp þetta flutt.

En fóstureyðingar eru ekki einungis brot á rétti hins veika og varnarlausu mannlega lífs í móðurkviði. Þær fela í sér hættuna á þjóðfélagslegri upplausn. Ef þjóðfélagið viðurkennir, að fólk geti notið hamingju, ánægju og unaðar, en það þurfi ekki að hera afleiðingarnar, ef það vill það ekki, þá er það sama þjóðfélag að kippa stöðunum undan sjálfu sér og stefnir til hruns. Þá duga ekki jafnvel félagslegar ráðstafanir. Þá getur til þess komið, að jafnvel eigin geðþótti og makræðisjónarmið ráði því, hvort mannlegu lífi er tortímt eða ekki. Fjárhagur og félagsleg aðstoð verður þá aldrei einhlit vörn í þessum vanda, því það er ekki einungis um félagslegt vandamál að ræða, heldur siðrænt vandamál. Til þarf að koma lífs- og mangildismat á siðferðilegum grunni.

Oft liggur leiðin til varanlegrar hamingju í gegnum andstreymi, að ófríska konan ali barn sitt og lífi með því og fyrir það. Þau eru óteljandi dæmin um börn, sem hafa fengið góða umönnun og gott veganesti út í lífið, þótt efni hafi verið af skornum skammti. Jafnvel ríkidæmi er engin trygging fyrir því, að aðhlyning og uppeldi fari vel úr hendi.

Það verður að byggja á því lífs- og manngildismati, sem er undirstaða íslenskrar menningar og arfleifðar. Samkvæmt því mati er rétturinn til lífs undirstaða allra annarra mannréttinda. Það er aftan úr grárrí forneskju að ætla af félagslegum ástæðum að breyta hér nokkru um. Langt er nú liðið síðan aflagður var sá siður að heimila barnaútburð hér á landi. En barnaútburðurinn var heimilaður af félagslegum ástæðum þeirra tíma, ómegð, fæðuskorti og öðrum framfærsluvandamálum. Ef fóstureyðing hefði á þeim tíma verið framkvæmanleg með sama hætti og nú, hefði sú aðferð vafalaust verið notuð í stað barnaútburðar. Það var nefnilega ekki sama, hve lífið hafði langt fram gengið, þegar því var tortímt. Samkvæmt Grágás var ekki heimilt að bera út barn eftir að það hafði fengið næringu. Þá hét það morð og varðaði við lög. En verknaðurinn var heimill og löglegur, ef barnið hafði ekki fengið næringu. Okkur finnast slík lög og reglur nú víðs fjarri. En árið 1975 setjum við samt lög, sem heimila að mannlegu lífi sé tortímt af félagslegum ástæðum og um lögmæti þess fari eftir því, hvað þroska þessa lífs sé langt komið. Hér var stigið spor um langan veg aftur á bak, því að félagslegar aðstæður eiga aldrei að geta heimilað tortímingu mannlegs lífs, á hvaða þroskastigi sem það er.

Kristilegar siðgæðishugmyndir leiddu til afnáms hins forna siðar um tortímingu mannlegs lífs af félagslegum ástæðum. Síðan hefur þjóðin á löngum ferli við harðæri og áþján megnað að halda í heiðri þau lífsviðhori, sem liggja þessu til grundvallar. Það væri kaldhæðni orlaganna ef þjóðinni ætti ekki að takast þetta á mestu velmegunar- og velgengnistímum sem hún hefur búið við. Með frumvarpi þessu er þess freistað, að svo megi verða.